

Sæl Fjóla.

Í ljósi atburða í hinsegin samfélaginu upp á síðkastið höfum við í Pakkhúsinu, ungmennahúsi, verið að hugsa hvað við getum gert til þess að huga að hinsegin samfélaginu hér í Árborg. Ungmennahúsið hefur staðið fyrir hinsegin hittingum í allan vetur sem voru frábærlega sóttir og stefnir í að það verði enn meira hinsegin starf sem hefst núna í haust. Þetta er í raun eina hinsegin starfið fyrir ungmenni á öllu suðurlandi og var því mjög kærkomið fyrir marga.

Umræðan um hinsegin málefni er hávær núna eins og gefur að skilja og hinsegin samfélagið er að óska eftir stuðning sveitarfélaga og ríkis til þess að efla fræðslu og sýnileika. Það þarf að stemma stigum við ofbeldi og hatursorðræðu gegn hinsegin fólki. Við í Árborg stöndum þarna ágætlega þó við getum að sjálfsögðu alltaf gert miklu betur.

Til dæmis settum við á laggirnar Hinsegin viku nú í Janúar 2022 þar sem yfirskriftin var einmitt fræðsla og sýnileiki. Það var alveg magnað að sjá samtaka máttinn í samfélaginu og gekk vikan vonum framár. Samtökin 78 voru með fræðslu á Teams fyrir sveitarfélagið og gáfum við í samstarfi við Íslandsbanka og Sölku bókaútgáfu, öllum fyrstu bekkjum bókinda ?Vertu þú? sem er bók sem fjallar um fjölbreytileikann og hvetur til fordómaleysis og víðsýni. Öllum leikskólum sveitarfélagsins var einnig færð þessi bók að gjöf. Við stefnum að sjálfsögðu bara hærra með þessa viku á næsta ári og ætlum að gera hana enn stærri og sýnilegri.

Sýnileikinn er sterkasta vopnið gegn hatri og fordómum og við í Pakkhúsinu myndum gjarnan vilja gera okkar til þess að sýna okkar fólki og hinsegin fólki um allan heim samstöðu. Þessvegna vildum við athuga hvort að það væri möguleiki að fá að mála tröppurnar fyrir utan ráðhúsið í regnbogalitunum. Við erum með vinnuhóp sem gæti farið í málið mjög fljótlega, jafnvel bara á næsta þurra degi. Ef þessi staðsetning gengur ekki gæti það verið einhver önnur staðsetning?

Með von um góðar undirtektir

Bestu kveðjur



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Dagbjört Harðardóttir
Forstöðumaður Frístundahúsa Árborgar
Póstur: dagbjort.hardar@arborg.is
Sími: +354 480 1951